

## **DRÖG, endurskoðuð**

Minnisblað  
BK/HJ/JAB/13.6.2012

### **Hagnýtingar- og nýsköpunarsjóður Háskóla Íslands**

Stofnaður verði sérstakur sjóður, Hagnýtingar- og nýsköpunarsjóður Háskóla Íslands.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við hagnýtingu hugverka sem tengjast rannsóknaniðurstöðum, nýsköpun, umsóknum um einkaleyfi og vernd hugverka sem til koma á vettvangi Háskóla Íslands.

Rektor skipar fimm manna stjórn sjóðsins sem í eiga sæti þrjár fulltrúar hugverkanefndar Háskóla Íslands og Landspítala, einn fulltrúi þjóðlífs og formaður sem rektor ákveður.

Tekjur sjóðsins er ágóði af einkaleyfum, arður af uppfinningum/nýjungum, sala hlutabréfa í fyrirtækjum sem háskólinn er aðili að og sem tenjast hagnýtingu hugverka og nýsköpun, styrkir og gjafir sem til geta fallið og samrýmast tilgangi sjóðsins. Auk annarra tekna samkvæmt ákvörðun rektors og háskólaráðs.

Vísindasvið hefur umsjón með fjárvörslu sjóðsins í samráði við fjármálasvið.

Kennarar og sérfræðingar við Háskóla Íslands og stofnanir hans, sem ráðnir hafa verið á grundvelli hæfnisdóms, geta sótt um stuðning sjóðsins. Að auki geta nýdoktorar, er uppfylla skilyrði sjóðsins sótt um styrki.

Við mat á verkefnum skal stjórn sjóðsins fyrst og fremst fara eftir hagnýtingar- og nýsköpunargildi þeirra. Stjórn sjóðsins er heimilt að leita umsagnar sérfræðinga um einstakar umsóknir. Stjórnin setur sér vinnureglur sem háskólaráð staðfestir.

Að loknu hverju almanaksári skal háskólaráði gefin skýrsla um úthlutun úr sjóðnum.